

skrifara, að hann þekti rithandir í sýslunni mörgum öðrum fremur, og áfrýjandi vildi láta hann skilja, að hann ætti sem siðameistari sá, er hann gæfi sig út fyrir, að vilja hjálpa sér til að finna hinn seka.

Það verður þannig ekki álitid, að hin umstefndu ummæli séu stíluð til stefnda, eða miði til hans, og ber því að sýkna áfrýjandann af kærnum hans og kröfum í máli þessu. Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum, er þykir hæfilega metinn 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Skafti ritstjóri Jósefsson á fyrir kærnum og kröfum stefnda Árna bæjargjaldkera Jóhannssonar í þessu máli sýkn að vera. Stefndi greiði áfrýjanda í málskostnað 30 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 41/1903:

Réttvísín

gegn

Þuríði Þorsteinsdóttur.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Barðastrandarsýslu, uppkveðnum 20. aprílmán. f. á., var hin ákærða, ekkjan Þuríður Þorsteinsdóttir á Hrisnesi dæmd fyrir þjófnað í 6×5

daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða iðgjöld Eyólfi Jónssyni 46 kr. og Guðrúnu Þorgrímsdóttur 1 kr. 25 aura, svo og til að greiða allan sakarkostnaðinn í héraði, þar með talinn gæzluvarðhaldskostnað og málsvarnarlaun til Guðmundar hreppstjóra Jónssonar 8 krónur. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu valdstjórnarinnar.

Það er sannað í máli þessu með eiginni játningu hinnar ákærðu og öðrum skýrslum, er tengnar hafa verið með mjög rækilegri rannsókn sakarinnar, að hún ákærða, sem dvaldi á Arnórsstöðum í Barðastrandarsýslu frá því síðast í júnímánuði til miðs júlímánaðar 1902, og gegndi þar bústýrustörfum, hafi á þessu tímabili stolið þar 46 kr. í peningum, eign Eyólfs Jónssonar, lausamanns þar, $\frac{1}{2}$ alin af dökku tvíbreiðu klæði, virtu á 1 kr. 25 a., eign stúlkunnar Guðrúnar Þorgrímsdóttur, og tinkönnu eða mortéli, sem talið hefir verið lítils virði, og ekki hefir verið virt. Peningunum og klæðinu ráðstafaði ákærða í sínar þarfir, en tinkönnunni skilaði hún aftur. Peningarnir og klæðið var geymt í kistu í bæjardyrum á Arnórsstöðum, og fekk ákærða lyklana að kistunni, með því að í henni var einnig kaffi og sykur, sem brúkað var til heimilisþarfa. Ákærða hefir kannast við, að hún hafi tvívegis stolið peningum úr kistunni, fyrst 7 kr. í silfri úr stökk í kistuhandraðanum, og síðar 4 kr. í silfri úr sama stökknum, og 35 kr. eða 40 kr. í seðlum, er voru undir stökknum. Ákærða hefir eigi þózt geta munað með vissu, hvort seðlarnir voru 35 kr. eða 40 kr. —, en hefir neitað því, að hún hafi tekið meiri pen-

inga úr kistunni, þótt þar ættu að vera nokkru meiri peningar, alls 54 kr., sem eigi hefir orðið upplýst um, hvað orðið hafi af. Þar eð aðrar skýrslur hafa eigi orðið fengnar um þetta atriði málsins, verður í því efni að byggja á framburði og játningu hinna ákærðu, en hún hefir eigi kannast við, að hún hafi tekið meiri peninga úr kistunni en 46 kr. Jafnframt og hún tók peningana, tók hún einnig klæðið úr kistunni. Tinkönnuna eða mortélið tók hún með sér frá Arnórstöðum, er hún fór þaðan, og var henni það ófrjálst.

Hin ákærða er komin yfir lögaldur sakamanna, og hefir eigi áður sætt ákæru né refsingu fyrir nokkurn glæp. Verjandi hennar í héraði hefir látið í ljósi, að ákærða hafi ekki haft »fulla sjálfsmeðvitund«, er hún framdi glæpinn, en skýrslur málsins virðast ekki styðja þessa sögu hans, og á meðan á rannsókn málsins stóð bar ekkert á því, að hún væri ekki með allri greind eða tilreiknanleg. Héraðslæknirinn hefir og vottað, að visu missiri síðar, að hann hafi eigi orðið annars var, en að ákærða væri heil á geðsmunum. Þar sem í málinu er talað um geðsmuna-æsing hinnar ákærðu, þá er það einmitt eftir að hún framdi glæpinn, og sýnist það ekki óeðlilegt, að óhamingja hennar hafi haft æsandi áhrif á skapsmunina. Afbrot hinnar ákærðu hefir héraðsdómarinn réttilega heimfært undir 230. gr. hinna alm. hegningarlaga 25. júní 1869, en hegningin þykir nægilega hátt ákveðin 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Með því að samþykkja má ákvæði aukaréttardómsins um iðgjöld og málskostnað, skal téður dómur staðfestur með áminstri

breytingu á refsingar-ákvæðinu. Hin ákærða verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem þykja hæfilega ákveðin 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast, að rekstur og rannsókn málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn !ögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó þannig, að refsingin fyrir hina ákærðu Þuríði Þorsteinsdóttur sé 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Hin ákærða greiði og allan áfrýjunarkostnað máls þessa, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dæmd iðgjöld greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og dóminum skal yfirleitt fullnægja með aðför að lögum.